



MYND2TK05

Kennsluáætlun – haustönn 2017

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Eingöngu unnið með blýant. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfa formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggjapunkta fjarvídd

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á mikilvægi á beytingu línu.
- teikna þrívíðu grunnformin með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni og skyggt með blýanti.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi sínu, bæði raunsætt og abstrakt.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða fyrir 1. sept.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og gróf tímaáætlun á önninni

- | | |
|--|--|
| • 1. Mappa (5%) | ágúst u.þ.b. 3 kennslustundir |
| • 2. Skyggingaraðferðir 1 (gráskali) (5%) | ágúst u.þ.b. 3 kennslustundir |
| • 3. Þrívíð grunnform (5%) | lok ágúst u.þ.b. 3 kennslustundir |
| • 4. Skyggingaraðferðir 2 (tvívíð form, þrívíð form, slöngulína) (15%) | um 5. sept. u.þ.b. 9 kennslustundir |
| • 5. Raunsæi – abstrakt (15%) | um 20. sept. u.þ.b. 9 kennslustundir |
| • 6. Fjarvídd punktaæfingar (16%) | um 10. okt. u.þ.b. 12 kennslustundir |
| • 7. Fjarvídd í FSu (15%) | lok okt. u.þ.b. 9 kennslustundir |
| • 8. Lokaverkefni (24%) | um 20. nóv. (u.þ.b. 15 kennslust. - síðustu 3 vikur annar) |

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.